



24. árg. 1. tbl. 2015. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Síðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bergrós Kjartansdóttir — vorsidur@asatru.is

Umbrot og prentumsjón: Egill Baldursson

Gleðilegt sumar

Sigurblót Ásatrúarfélagsins verður haldið sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl og hefst klukkan 14:00.

Við fögnum sumri og blótum til árgæsku og til heilla Freys og Freyju.

Börn eru sérstaklega velkomin, við grillum pylsur og gerum okkur glaðan dag með skemmtiatriðum.

Staðsetning blótsins er ekki endanlega ákveðin, en það verður rækilega auglýst á vefsíðu og Fésbókarsíðu félagsins þegar nær dregur.

Verið öll velkomin!



Siðfræðsla og siðmálaathafnir

Í hádegi síðasta laugardags í hverjum mánuði hittist hópur fólks á öllum aldri í Síðumúlanum, spjallar saman og fræðist um ásatrú og heiðinn sið. Þetta er fólk sem stefnir að siðmálaathöfn og gestir þeirra. Í vetur hefur verið metaðsókn í fræðsluna þótt ekkert hafi verið auglýst frekar en venjulega og er jafnan húsfullir. Ekki eru liðin nema 10–15 ár síðan fór að verða eftirspurn eftir slíkum athöfnum og það var ekki fyrr en á allra síðustu árum sem fór að fjölga að ráði í þessum hópi.

Flestir sem hyggja á siðmálaathöfn eru á unglingsaldri sem ekki er undarlegt í ljósi þeirrar hefðar í samfélaginu að smala unglimum í trúarathafnir. Sem betur fer gera sér sífellt fleiri grein fyrir því að í þessu sem öðru er val og unglिंगarnir sem koma til okkar hafa haft sjálfstæði og hugrekki til að íhuga málið og velja *sína leið*.

Ásátrúarfélagið auglýsir ekki þessar athafnir en tekur fagnandi á móti öllum sem vilja sækja fræðslu um ásatrú. Því þó þetta séu elstu trúarbrögð Íslendinga og samofin menningu og sögu þjóðarinnar er enn víða skautað yfir fræðslu um hana í skólakerfinu.

Siðfræðslan fer að mestu leyti fram í spjallformi. Þar er rætt um goðin og heiðna lífssýn, velt fyrir sér heilræðum Hávamála og ýmsum siðfræðilegum og heimspekilegum álitamálum sem fullorðið fólk stendur frammi fyrir.

Þegar fræðslunni er lokið er haldin siðmálaathöfn fyrir þá sem það vilja. Þeir sem taka siðmálum lofa ekki neinu sérstöku við athöfnina, þeir eru einfallega að opinbera fyrir sjálfum sér og öðrum að þeir ætli að hafa heiðinn sið að leiðarljósi í lífinu og Ásátrúarfélagið gerir engar kröfur um trúarjátningar.

Siðmálaathöfn er eina athöfnin á vegum félagsins þar sem þiggjandinn verður að vera félagsmaður.

Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði

Fréttir frá Ásheimi

Ásheimur er staðsettur í hlaðinu á Efri-Ási í Hjaltadal. Framkvæmdir við hofið hófust árið 2010 og þakið var svo komið á fjórum árum síðar. Eins og auglýst var í síðasta blaði var þar haldið jólablót á vetrarsólstöðum sem vakti heilmikla athygli og ánægju fólks. Þrátt fyrir mikinn snjó mættu þar yfir 30 manns sem gæddu sér á funheitri og næringarríkri kjötsúpu. Jóhanna Kjalnesingagoði brá sér norður til okkar, vígði hofið og helgaði blótið.

Þann 21. febrúar var síðan haldið þorrablót og þorinn kvaddur. Spenna ríkir nú í Ásheimi eftir vorinu því beðið er eftir að snjóa leysi svo hægt verði að hefja framkvæmdir á útisvæðinu. Vonast er til að þeim verði síðan lokið fyrir sumarsólstöður. Tvö blót eru framundan sem eru auglýst annars staðar hér í blaðinu, sigurblót og sólstöðublót. Það er því um að gera fyrir alla sem hafa áhuga að skreppa norður til okkar í Hjaltadalinn í sumar og kíkja í heimsókn. Allir hjartanlega velkomnir.

*Kær kveðja,
Árni Sverrisson, goði í þjálfun*

ÁSHEIMUR SIGURBLÓT

**Sigurblót verður haldið sumardaginn fyrsta,
þann 23. apríl kl. 14:00 í Ásheimi
sem er staðsettur í hlaðinu á Efri-Ási í Hjaltadal.**

**Heitt verður í kolunum og fólk hvatt til að taka með sér eitthvað
að grilla og gæða sér á. Boðið verður upp á gos, pappadiska og
hnífaþör. Allir velkomnir.**

ÁSHEIMUR

Sólstöðublót verður haldið 21. júní kl. 19:00 í Ásheimi

Kveikt verður upp í grillunum, svo fólk geti grillað sér að vild.

Boðið verður upp á gos, pappadiska og hnífaþör.

Allir velkomnir.

Árni Sverrisson, goði í þjálfun

Af Austfirðingafjórðungi, Svínfellingagoða og Freysgoða

Um Austurlandsgoðorð og Austfirðingafjórðung

Austurlandsgoðorð hið nýja hefur verið markað frá Digranesi norðan Vopnafjarðar og suður á mörk við Vestur-Skaftafellssýslu. Hinn forni Austurlandsfjórðungur sem heiðnir menn mörkuðu, líklega um árið 965, náði frá Langanesi sem horfir til landnorðurs og samkvæmt fornum heimildum var þar settur niður á nesinu hamar Þórs á fjórðungamörkum. Suðurmörk voru við Fúlukvísl sem nú þekkest betur undir nafninu Jökulsá á Sólheimasandi. Mjög hefur hinn forni Austfirðingafjórðungur látið á sjá og verður nú skorað á Sigurð Mar, verðandi Svínfellingagoða, að sækja aftur fyrri lönd allt til Fúlukvíslar og fer ég fram á að allir þingmenn okkar Sigurðar veiti honum atfylgi til þeirrar sóknar. Þessi samsetningur minn er bara til að varpa á léttum nótum ljósi á hinn forna Austfirðingafjórðung og hvernig allt er forgengilegt, og að hafa eitthvert gaman með í efninu.

Svínfellingagoðorð

Mikið lán var það fyrir okkar sið að fá Sigurð Mar Halldórsson í goðahópinn og er tilhlökkunarefni að mæta með fjölmenni af Austurlandi á Þingvöll á þórsdag í tíundu viku sumars, til að tryggja að hans mál nái fram að ganga með þeim hætti svo sómi sé að fyrir okkur Austfirðinga. Í alvöru, væri ekki gaman að slá í ferð heiðinna manna af Austurlandi á Þingvöll, tjalda Austfirðingabúð, ganga fylktu liði til Almagnagjár og horfa á þegar Svínfellingagoði flytur eiðstaf goða í heyranda hljóði í Almagnagjá? Mér finnst að við í Austurlandsgoðorði, eins og það nú heitir, eigum að skoða þetta vel.

Freysgoði og áhugamál hans

Mörg okkar sem erum heiðin grúskum í hinum fornu fræðum og Freysgoði er þar engin undantekning. Ég hef t.d. verið félagi í Hrafnkelssögufélaginu frá stofnun þess en markmið þess félags var að koma atburðum sögunnar *Hrafnkels saga Freysgoða* á framfæri við komandi kynslóðir, meðal annars með merkingu staða þar sem helstu viðburðir sögunnar fóru fram. Þá gerði félagið snjalleiðsögn um söguslóðirnar og var bætt inn í hana sögum af fólki af þessu svæði og frá ýmsum tímum ásamt staðhátta- og náttúruleysingum. Þá var sagan gefin út með skýringum og í þægilegu broti sem gagnast sem ferðafélagi um söguslóðirnar. Á síðasta ári var nafni félagsins breitt í Söguslóðir Austurlands og er höfuðmarkmið þess félags að koma Austfirðingasögum á framfæri á líkan hátt og tókst að gera með Hrafnkels sögu á þeim tæpu tíu árum sem það félag starfaði. Þær sögur sem verið er að skoða í dag og félagið vill vinna að eru frásögn *Landnámu* af Þórhaddi hinum gamla sem nam Stöðvarfjörð allan. Sú heimild er stórmerkileg frá sjónarhóli sögu náttúruverndar því hann virðist hafa fyrstur manna, a.m.k. hér á landi, hafa lagt helgi á stórt landsvæði. Í þessu tilviki á allan fjörðinn og mátti þar engu lífi tortíma, nema þeim búsmala sem þeir fluttu með

sér. Með öðrum orðum þá alfriðaði hann land og villt dýr og má með sanni segja að sé fyrsti vitnisburður um að allstórt landsvæði hafi verið friðað og gerist ekki aftur með álíka hætti fyrr en menn fara að stofna þjóðgarða á 19. öld og þá í Bandaríkjunum og í Evrópu, og ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar á Íslandi. Þá er verið að stefna á *Vopnfirðinga sögu* og einnig *Droplaugarsona sögu*. Þess utan eru allar Austfjarðasögur undir en fer eftir hversu vel tekst að afla fjár hvað gengur fram af þessum áætlunum. Allir þeir sem áhuga hafa á þessum málum og vilja leggja því lið eru hvattir til að hafa samband við Freysgoða, sími 861-2164.

Baldur Pálsson, Freysgoði

Sumardagsblót á Héraði

Ásatrúarmenn blóta sumardaginn fyrsta við Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi og hefst blótið kl. 14:00,

Blöndalsbúð opnar kl. 11:30. Heitt verður á könnunni og geta menn tekið með sér nesti. Eftir blót er hægt að fara í gönguferðir, leiki og svo bara spjalla um daginn og veginn. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Nánari upplýsingar hjá Freysgoða í síma 861-2164.

Baldur Pálsson, Freysgoði

SIGURBLÓT Á HÖFN

Sigurblót heiðingja á Hornafirði verður haldið sumardaginn fyrsta, þann 23. apríl við Sílavík. Blótið hefst kl. 16:00 með leikjum fyrir börnin.

Allir hjartanlega velkomnir.

Sigurður Mar, Svínfellingagoði



Gróðurblótið á Mógilsá

Gróðurblótið að Mógilsá verður haldið laugardaginn 30. maí, í landi Skógræktarinnar við Mógilsá í Kollafirði. Ekið er að stoppistöðinni við Esjustofu (Strætóleið 57) en þaðan er örstutt og leiðin vel merkt. Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði, helgar blótið kl. 14:00. Aðstaða skógræktarinnar, innan húss sem utan, stendur okkur opin.

Skjólsæll skógurinn verður grænn og ilmandi, kveiktur verður varðeldur í skógarjaðrinum, grillað og drukkið kaffi. Pylsur í boði fyrir krakkana, en hægt að taka með sér eitthvað girnilegra á grillið ef vill eða bara skrínukost ef það hentar betur. Allir eru velkomnir.

NJARÐARBLÓT Í HVERAGERÐI

Eins og undanfarin ár verður blót helgað Nirði í lystigarðinum á Fossflöt í Hveragerði.

Eftir blótið verða gestir boðnir í kaffi og með því. Þessi viðburður verður að venju í júlí og verður hann nánar auglýstur í næsta tölublaði og á vefsíðum okkar.

Haukur Bragason, Lundarmannagoði



20/3 2015

Þessi dagur fer í safn merkisdaga í sögu Ásatrúarfélagsins. Og gott betur: hann er þegar talinn marka tímamót í sögu heiðni í Norður-Evrópu.

Þegar þetta birtist eru framkvæmdir hafnar á lóð okkar í Öskjuhlíð og harðsnúinn hópur hefur tekið til starfa við ólíka verkþætti og þegar líður á sumarið getum við gert okkur gleggri grein fyrir verklokum. Sem stendur eru þau áætluð um mánaðarmótin september/október 2016.

Fjöldmenni fylgdist með því þegar Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók fyrstu skófustunguna með aðstoð kornungs sérfræðings og gerðist það á sömu stundu og Sólf birtist heil undan Mána en slík himnesk hvílubrögð sáust síðast hér á landi árið 1954. Í tvær klukkustundir og tvær mínútur þar á undan hafði fjöldmenni fylgst með ferli þessara himinhnatta, bumbur voru barðar, lúðrar þeyttir, hörpur slegnar og raddbönd þanin. Margir viðstaddir lýstu þessu sem einni stærstu stund lífs síns.

Hofverk er gamalt hugtak yfir mikla dáð. Fjöldmargir hafa haft samband og vilja bjóða fram krafta sína og hæfni þegar framkvæmdin býður upp á slíkt og fólki er bent á að hafa samband við skrifstofuna þar sem nafn þeirra verður sett á lista og fólk verður kallað til verka um leið og tækifæri býðst.

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargóði

Frá lögsögumanni

Heil og sæl!

Margt hefur gerst hjá félaginu undanfarin misseri. Fjölmíðlafár í kringum hofbygginguna, breytingar í lögréttu og hið hefðbundna félagsstarf.

Fréttir af hofinu komust í erlenda miðla, þar á meðal The Guardian í Bretlandi, BBC og víðar og hefur Allsherjargoði og aðrir staðið í ströngu við að svara fyrirspurnum enda fréttin lesin af fleiri milljónum manna. Heillaóskir hafa borist okkur víða að. Eitthvað hefur verið fjallað um þetta í íslenskum miðlum og hefur sú umræða verið í góðum farvegi.

Breytingar áttu sér stað í lögréttu 9. febrúar þegar þáverandi lögsögumaður, Hallur Guðmundsson, óskaði eftir því að losna undan skyldum lögsögumanns. Það gerði hann vegna gríðarlegra anna á öðrum vígstöðvum. Undirritaður, sem gegnt hefur starfi staðgengils lögsögumanns, tók við embættinu en Hallur verður staðgengill hér eftir. Undirritaður hefur einnig um skeið verið tengiliður milli framkvæmda aðila og lögréttu vegna hofbyggingarinnar og heldur því áfram.

Af þeim málum er það að fréttu að þau eru á góðum skriði ef svo mætti orða. Verið er að leggja lokahönd á vega- og lagnamál og hafa fundir staðið yfir vikulega hér í Síðumúlanum þar sem farið er yfir málin. Útboð til byggingarverktaka varðandi verkfræðihönnun hofsins var sent út fyrir nokkru og bauð Verkís best.

Að vissu leyti finnst manni eðlilegt að heyra nafnið „hof“ þó maður hafi aldrei gengið inn í slíkt mannvirki, því víðs vegar um landið sér maður nafnið „Hof“ eða „Hofstaðir“. Til að mynda segir *Landnáma* frá 24 Hofum og 13 Hofstöðum. Flestar eru lýsingarnar af hofum og goðum á Íslandi frá 13.–15. öld, sem dæmi *Eyrbyggja saga*, *Hákonar saga* góða frá 13. öld, *Úlfjótslög* rituð á 14. öld og *Kjalnesingasaga* frá 15. öld. Flestar eru þessar lýsingar ritaðar nokkru eftir kristnitöku og því ekki óumdeildar heimildir, þó fornleifafræðin styðji sumar lýsingarnar.

Hofið okkar er hins vegar ekki byggt á 13. öld, heldur á 21. öld og því þykir mér eðlilegt að aðlaga það að nútíma samfélagi með virðingarverðum vitnunum í fornan sið. Þetta hof á eftir að vera áhugaverð viðbót í fallettu skóglendi Öskjuhlíðar, umlukið örnefnum með heiðnum blæ, meðal annars Hrafnakletti.

Hittust æsir	afla lögðu,
á lðavelli	aud síðuðu,
þeir er hörg og hof	tangir skópu
hátimbruðu,	og tól gördðu.

Eins og Völuspá lýsir gerð hofa og hörga er ekki annað hægt en að vona að framkvæmdir eigi eftir að ganga vel í góðri samvinnu manna og án þess að raska ró þeirra náttúruafla sem þar eru.

Kári Pálsson, lögsögumaður